

Eru barnalög jafnréttislög? (Grein í Alþýðublaðinu 4. apríl 1997.)

Ný barnalög litu dagsins ljós fyrir rétt um fjórum árum síðan. Lögin voru bragarbót þeirra fyrri í mörgu tilliti. Þau eru smíðuð um þær mundir, er andi jafnréttis sveif yfir vötnum á Alþingi. Tekin eru af öll tvímæli um sérstakan rétt móðurinnar til barnsins. Þessi þróun í átt til „foreldrahyggju“ á kostnað ríkjandi móðurhyggju kemur með seinni skipum til Íslands. Grannar okkar og bestu vinir, Norðmenn, til að mynda, afnámu þá ósvinnu úr lögum sínum drjúgum áratugi fyrr. Að þessu leyti eru barnalögin jafnréttislög. Skýrt er kveðið á um jafnan rétt foreldra til barna sinna og rétt barna til að mega njóta aðhlyningar og uppeldis beggja foreldra. En þegar skilnaður foreldra kemur, bregður mjög til beggja vona með það.

Ljóst má vera, að löggjafinn ætlist til, að virtur sé áður véfengdur réttur feðra til barna sinna. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga, þegar túlkaðir eru bestu hagsmunir barna. En vitanlega er lögunum ætlað að stuðla að lífhamingju þeirra. Samneyti við föður er hér lykilatriði, enda vegur löggjafinn giska hnitmiðað gegn ríkjandi móðurhyggju.

Hvernig hefur lögunum reitt af? Hafa þau auðveldað feðrum að rækja uppeldisskyldur sínar við börnin og hlýða kalli hjarta síns? Augljóst má vera, að eftir stuttan gildistíma er of snemmt að leggja mat á áhrif þeirra í heild. Þrátt fyrir það má greina, hvert stefnir í mikilvægum greinum. Dómarar og úrsskurðaraðiljar í stjórnarsýslunni hafa komist að þeirri niðurstöðu við úrlausn forsjárdeilna, að mæður séu í um 80% tilvika hæfari til að axla meginþunga af uppeldi barns. Af sjónarhóli jafnréttis er þetta fráleit niðurstaða. Skýr bókstafur barnalaganna virðist ekki duga feðrum. Fróðlegt er einnig að skoða sameiginlega forsjá í þessu sambandi. Ákvæði um hana eru nýmæli í lögum. Enda þótt um þriðjungur foreldra semji um slíkt fyrirkomulag, er það áhyggjuefni, að í langflestum tilvika (eftir því sem best verður séð) fær barnið lögheimili hjá móður sinni. Slík tilhögun kemur tíðum í veg fyrir, að börn fái að njóta þeirrar föðuraðhlyningar í amstri lífsins, sem er grundvöllur náninna samskipta. Þetta úrræði dugar þar af leiðandi börnum og feðrum skammt.

Með hliðsjón af yfirlýstum ásetningi löggjafans með lögfestingu föðurréttar og nauðsyn náninna tengsla barn við föður sinn, er það heldur dapurleg og kvíðvænleg þróun, að engin breyting í þessa veru hafi átt sér stað síðustu tuttugu árin.

Tilhögun umgengisréttar er sömuleiðis mælistika á rétt feðra og barna til náninna samvista. Því miður segir reynslan okkur sömu sögu og innlendar og erlendar rannsóknir. Umgengisréttur feðra er oftast en ekki ófullnægjandi eða á þeim brotinn. Í þessu sambandi kemur stjórnarsýslan eða framkvæmdavaldið óhjákvæmilega í kastljós, enda þótt skoða verði fleiri hliðar málsins. Þó of djúpt væri í árinni tekið að staðhæfa, að lögin heimiluðu lögbrot af þessu tagi, er varla um það blöðum að flétta, að ákvæði um viðurlög eru gagnslítill. Dagektir eru einustu viðurlög, sem sýslumönnum er heimilt að beita, þegar umgengisréttur er virtur að vettugi. En þeim er sára sjaldan beitt.

Venjulega brjóta mæður umgengisrétt á feðrum og börnum. Umgengisréttarharmsögur eru margar og oft má ætla, að andlegri heilsu barna sé stefnt í voða. Raunar er það svo, sökum loðins lagatexta, að sýslumanni er hvorki skylt að veita umgengisrétt, né breyta honum, hvað þá að beita sér gegn mæðrum, er brjóta lög með þessum hætti. Það er því ekki að undra, að

ábyrgir feður séu örvæntingarfullir og ráðalausir. Eins og áður er drepið á, virðist sýslumönnum heldur óljúft að beita sér, en þó er mér kunnugt um, að sýslumaður í Vestmannaeyjum hafi beitt sér í þágu barna og feðra. „Svona eiga sýslumenn að vera.“ Barnaverndarnefndir vísa umgengisréttarbrotum og umgengisréttarkröfum ósjaldan á bug ellegar veita feðrum ófullnægjandi úrlausn. Af þeim sökum verður sú ályktun nærgöngul, að barnaverndin víða í landinu telji slíkt óheillaháttalag samrýmast uppeldishlutverki hinnar góður móður. Það er uggvænlegt. Foreldri, sem brýtur hvort tveggja barnalög og lög um vernd barna- og ungmenna, ætti ekki að treysta fyrir uppeldi barns.